

Fylgiskjal.

Auglýsing frá [Umhverfisstofnun] um fólkvang í Rauðhólum.

Að tillögu náttúruverndarnefndar Reykjavíkur og að fengnu samþykki borgarstjórnar Reykjavíkur, hefur [Umhverfisstofnun] ákveðið að lýsa Rauðhóla og nágrenni þeirra fólkvang, samkvæmt 26.gr. laga nr. 47/1971.

Takmörk þess svæðis, sem náttúruverndarnefnd Reykjavíkur óskar fólkvangsfriðunar á, eru sem hér segir, sbr. meðfylgjandi uppdrátt:

Brotin lína frá punkti 1 í miðri Hólmsá, þar sem brúin á gamla veginum var, ákvarðast hún af punktum 1-2-3-4 og 5, frá punkti 5 ræður miður farvegur lækjar þess, sem rennur úr Hrauntúnstjörn í Helluvatn að punkti 6, þaðan brotna línan sem ákvarðast af punktum 6-7 og 8, þaðan bogin lína, sem ákvarðast af punktum 9-10-11-12-13-14 og 15, þaðan bogin lína, sem liggur fyrst um 5 m frá norðurbrún vegar að vesturenda Sundhóls og og þaðan áfram vestan sumarbústaða (Litla-Hvamms) suðvestan í Sundhól, sem uppdráttur sýnir, að punkti 16, þaðan brotin lína, sem ákvarðast af punktum 16-17-18 og 19, þaðan miður farvegur Hólmsár að punkti 1.

Hnit punktanna 1-19 í hnitakerfi Reykjavíkur frá 1951 eru sem hér segir:

Punktur	X	Y	Punktur	X	Y
1	12927.	12519.	11	13830.	12120.
2	12844.	12486.	12	13944.	12147.
3	12720.	12412.	13	13972.	12094.
4	13010.	11905.	14	13930.	12078.
5	13166.	11844.	15	13908.	12043.
6	13240.	11831.	16	14003.	11754.
7	13315.	12067.	17	14013.	11726.
8	13386.	12152.	18	14292.	11626.
9	13684.	12274.	19	14525.	11994.
10	13827.	12318.			

Reglur þessar gildi um fólkvanginn:

1. Fótgangandi fólki er heimil för um allr svæðið og óheimilt er að reisa þar girðingar eða annars konar tálmanir, á þann veg að umferð fólks torveldist.
2. Óheimilt er að gera á svæðinu mannvirki né gera jarðrask, nema leyfi [Umhverfisstofnunar] komi til.

Eftirlit með fólkvanginum er í höndum náttúruverndarnefndar Reykjavíkur.

Samkvæmt 26. gr. laga nr. 47/1971 skal athugasemdum við þessa friðlýsingu komið á framfæri við [Umhverfisstofnun] eigi síðar er 8 vikur frá birtingu þessarar auglýsingar.

[Umhverfisstofnun]